

# Íþróttá- og Æskulýðsnefnd

101. fundur – 27. nóvember 2023 kl 17.30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannsdóttir

Patryk Zolobow

Margret Vilhjálmsdóttir

Guðrún Eva Bjarkadóttir

Gylfi Freyr Karlsson

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Heilsuvikan 2023

Heilsuvikan gekk vel og mæting góð á alla viðburði. Tilgangur hennar er að sýna bæjarbúum hvað er í boði í bænum okkar og voru margir sem prófuðu eitthvað nýtt á meðan henni stóð. Fyrirlestrarnir hafa aldrei verið jafn vel sóttir og í ár. Samstarf með HSH gekk vel, fengum fleiri fyrirlestra fyrir minni pening.

2. Líkamsræktartæki

Áframhaldandi umræður um líkamsræktartæki utandyra. Kristfríður á fjármagn eftir sem var styrkur v./ heilsueflandi samfélag og kom með hugmynd um að nýta þann styrk í líkamsræktartæki utandyra. Einnig ætlar hún að kanna styrk frá ÍSÍ sem er ætlað í Heilsueflandi samfélag. Hún ætlar að skoða úrval og gæði en ræða einnig við umhverfis- og skipulagsnefnd um staðsetningar. Spurning hvort einhver félög vilji taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Annað:

Umræður um framtíð íþróttahússins á Hellissandi

Fundi slitið klukkan 18:45